



Akraneskaupstaður
Bæjarráð, b.t. Ólafur Adolfsson formaður
Stillholt 16-18
300 Akranes

24. mars 2017

Varðar: Félags- og frístundaaðstaða við Garðavöll

Almennt

Undanfarin misseri hefur stjórn Golfklúbbsins Leynis (GL) unnið að undirbúning nýrrar félags- og frístundaaðstöðu við Garðavöll en núverandi golfskáli og félagsaðstaða er komin til ára sinna og fyrir margt löngu tímabært að stærra húsnæði verði byggt sem þjónar þeirri starfssemi sem GL býður upp á.

Stjórn GL og Akraneskaupstaður hafa síðastliðna mánuði og misseri átt í viðræðum um mögulegt samstarf á verkefninu við Garðavöll sem GL fyrirhugar að byggja á skilgreindum byggingarreit þar sem núverandi golfskáli er staðsettur.

Stjórn GL óskar hér með eftir að sett verði af stað ferli við gerð framkvæmdasamnings um verkefnið svo hægt sé að hefja frekari frekari undirbúning s.s. fjármögnun, verkfræði- og útboðsvinnu og annað sem snýr að verkefninu. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist síðar á þessu ári og húsnæðið verði tekið í notkun á vormánuðum ársins 2018 að öllu óbreyttu.

Skipulagsmál

Á deiliskipulagi við Garðavöll frá maí 2003 er skilgreindur byggingarreitur með nýtingarhlutfall 0.3 sem gerir samtals 694 m² af byggingum. Fyrirvari er einnig með að bygging skuli einnar hæðar með mæni ekki hærra en 5.5 m frá gólfplötu. Tillaga GL tekur til byggingar sem er 650-700 m² að grunnflatarmáli á jarðhæð og 250-300 m² kjallari með lofthæð allt að 3 m.

Jarðhæðin myndi í öllu falli ekki vera hærra en 5.5 m sem er samkvæmt deiliskipulagi við Garðavöll. Gera má ráð fyrir því að fá þurfi undanþágu byggingarfulltrúa og/eða gera smávægilegar breytingar á nýtingarhlutfalli byggingarmagns á þessum skipulagða byggingareit.

Innihald

Um er að ræða metnaðarfullt verkefni þar sem allt félagsstarf GL verður til húsa og má sjá fyrir sér að starfssemi annara félagsamtaka geti verið þarna til húsa sömuleiðis yfir haust og vetrarmánuði þar sem starfsemi GL er að mestu leyti árstíðabundin þ.e. frá maí til loka september. Hér yrði því um að ræða heilsárs félags- og frístundaaðstöðu með fjölbreyttri starfsemi fyrir alla aldurshópa.

Staðsetning hússins við Garðavöll gerir það að verkum að stutt er í Skógrækt Akranes sem margir íbúar Akraness og aðrir sem heimsækja Akranes nýta sér til heilsueflingar sem og að til staðar eru um 100 fullfrágengin bílastæði. Í húsnæðinu er gert ráð fyrir búnings- og sturtu aðstöðu ásamt veitingasal fyrir allt að 200 manns í sæti þar sem hægt verður að fá sér kaffiveitingar og mat eftir því sem áhugi er fyrir á hverjum tíma en hugmyndin er að veitingastarfsemi geti verið í fullum rekstri allt árið ef heilsárstarfssemi verður í húsnæðinu.

Rekstrarforsendur

Húsráðendur verða Golfklúbburinn Leynir (GL).

Notendur verða Golfklúbburinn Leynir, aðildarfélög ÍA, ýmis félagasamtök, Akraneskaupstaður og möguleg útleiga til einstaklinga og fyrirtækja.

Umsjónaraðili verður Golfklúbburinn Leynir og/eða rekstraraðili veitingasölu.

Húsnæðið er hugsað sem félagsheimili Golfklúbbsins Leynis og frístundaðastaða sem félagasamtök geta nýtt sér. Aðildarfélögum ÍA sem og Akraneskaupstað er heimil afnot af salarkynnum húsnæðisins að höfðu samráði við umsjónaraðila sem heldur utan um bókun í sal/-i.

Hægt verður að leiga sal/-i fyrir ráðstefnur, fundi, brúðkaup, jólaboð og önnur tilefni. Húsnæðið er ekki hugsað sem eiginlegur skemmtistaður eða bar, og leiga verður takmörkuð að ákveðnu marki þ.e. aldurstakmörk þeirra sem leiga salinn osfrv.

Golfklúbburinn Leynir sem umsjónaraðili hyggst bjóða út rekstur veitingasölu í húsnæðinu sem ætlunin er að taki mið af 12 mánaða rekstri. Rekstraraðili mun sjá um þrif og annað tilheyrandi rekstri hússins. Rekstraraðili mun leiga húsnæði og hafa umráðarétt yfir notkun og leigu salar þegar húsráðendur og notendur eru ekki að nýta húsnæðið. Notendur eru skuldbundnir að nýta veitingasölu og þess framboðs sem hún hefur að bjóða ef um veitingar er að ræða.

Rekstur er árstíðabundin veitingarekstur (bistro) meðan á golftímabili stendur frá maí til og með september og skal vera með þeim hætti að um sé að ræða fullan rekstur með opnunartíma frá 8:00 – 22:00 allt eftir veðri og umferð kyfinga meðan á golftímabili stendur. Húsnæðið er eingöngu hugsað fyrir notkun Golfklúbbsins yfir sumartímann og sameiginlega notkun Golfklúbbsins og annara notenda yfir haust og vetrartímann ásamt útleigu á sal þegar hann er laus.

Yfir haust og vetrarmánuði verður rekstur aðlagður að notkun hússins og bókun á sal, og gert ráð fyrir a.m.k. rekstri kaffihúss með kaffiveitingum. Lagt er upp með að rekstraraðili sjá um bókun í sal að höfðu samráði við húsráðendur sem njóta forgangs á notkun þess.

Virðingarfyllst fyrir hönd stjórnar GL,

Guðmundur Sigvaldason
Framkvæmdastjóri GL